

Ed.

334. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 1 3. jan. 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina.

Frá allsherjarnefnd.

Aftan við 2. gr. laganna bætist nýr stafliður, er hljóði svo:

Um eftirlit með umferð eða rápi óviðkomandi eða tortryggilegs fólks út í skip, sem liggur í höfn.

Greinargerð.

Fyrir Alþingi liggur nú frv. til laga um breyting á lögum nr. 91 frá 23. júní 1932, um varnir gegn kynsjúkdómum, þar sem lagt er til. að lögreglustjóranum í Reykjavík sé heimilað að banna kvenmönnum aðgang að bryggjum Reykjavíkurhafnar frá kl. 8 síðdegis til kl. 8 árdegis, og hefir allsherjarnefnd þetta frv. til meðferðar. Nefndin er þeirrar skoðunar, að heppilegt sé að veita heimild til að takmarka ónauðsynleg ferðalög um borð í skip, ekki eingöngu í Reykjavík, heldur einnig hvarvetna annarstaðar á landinu, og þykir þessum tilgangi verða bezt náð með því að veita bæjar- og sveitarstjórnnum heimild til að setja ákvæði um þetta í lögreglusamþykktir, og ber nefndin því fram frv. um breytingu á lögum um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, sem fer í þessa átt.